



**Þinggerð 68. ársþings KSÍ**  
**Haldið í Hofi, Akureyri**  
**15. febrúar 2014**

**Þinggerð 68. ársþings KSÍ,  
haldið í Hofi, Akureyri 15. febrúar 2014**

Eftir að síðasta knattspyrnutímabil hafði verið rifjað upp og Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, hafði minnst fallinna félagana í knattspyrnuhreyfingunni setti Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, þingið og mælti svo:

Við hittumst nú á knattspyrnuþingi á Akureyri. Þetta er í þriðja sinn sem þingið er haldið hér, fyrst var það 1977 þegar 30 ára voru liðin frá stofnun KSÍ og síðan 1997 þegar árin voru orðin 50. Þetta er aðeins í 10. skipti sem ársþing er haldið utan Reykjavíkur. Á Akureyri er mikið knattspyrnustarf, rekið áfram að miklum krafti af KA og Þór. Hér eru haldin fjölmenn og vinsæl knattspyrnumót sem setja svip sinn á bæjarlífið fyrir utan hefðbundna þátttöku félaganna í mótum á vegum KSÍ. Akureyrarbær styður vel við knattspyrnuíþróttina og uppbygging knattspyrnumannvirkja hefur verið mikil frá aldamótum. Bærinn á hrós skilið sem og auðvitað forysta félaganna.

Staða knattspyrnunnar á landsbyggðinni á undir högg að sækja. Þar hefur byggðaðpróun mikið að segja sem og tilflutningur á atvinnustarfsemi. Afreksstarfið er háð stuðningi atvinnulífsins og öll skerðing gerir keppni meðal hinna bestu í Íslandsmóti erfiðari auk þess sem mikið hallar á landsbyggðarfélög þegar kemur að ferðakostnaði. Þessi þróun setur óneitanlega svip sinn á röð liða í deildum Íslandsmótsins í meistaraflokki. Starfsemi yngri aldursflokka hefur einnig orðið fyrir barðinu á þessari þróun. Við vitum vel að keppni í íþróttum innanlands grundvallast ekki á stuðningi ríkisvaldsins en það er hins vegar hlutverk ríkisvaldsins að vinna gegn einangrun og mismunum sem byggir á búsetu þegna þessa lands.

Árið 2013 var afar gott knattspyrnuár. Árangur íslenskra liða í alþjóðlegri keppni var betri en nokkru sinni fyrr. Góður árangur leiðir oft af sér fleiri leiki og sú varð raunin. Landsleikur Íslands hafa aldrei verið fleiri á einu ári eða alls 75 leikir og Evrópuleikir félagsliða voru fleiri en nokkru sinni eða 22. Að auki fóru fram 2 leikir í Evrópukeppni félagslið í futsal. Árangurinn var í heildina þannig, að réttilega er liðið ár sagt hið besta í íslenskri knattspyrnusögu. Góð uppskera byggir á mörgum þáttum en fyrst og fremst á traustum grunni. Þessi grunnur er fyrst og síðast, góð þjálfun og vel skipulagt mótahald. Ytri skilyrði hafa auðvitað sitt að segja og bætt aðstaða á allan hátt hefur aukið gæði þjálfunar og keppni. Vinsældir leiksins og fjármagn skiptir miklu og ekki síður þátttaka sjálfbóðaliða sem halda starfinu gangandi á öllum stigum leiksins.

A landslið karla náði sínum besta árangri frá upphafi með því að komast leið í umspil um sæti í lokakeppni HM 2014 í Brasilíu. Í raun má segja að íslenska liðið hafi verið einum leik frá því að komast í lokakeppnina og þar með orðið langfámennasta þjóðin í sögunni til að ná þeim áfanga. Lokaspretturinn í riðlakeppninni var ævintýri líkastur og gríðarleg spennan í riðlinum allt til loka. Frammistaða þessa liðs, sem enn er tiltölulega ungt að árum, í sumum leikjanna var hreint út sagt aðdánarverð og eftir þessum árangri var tekið um allan heim. Athygli knattspyrnuheimsins hafði aldrei áður verið beint að Íslandi í jafn miklum mæli. Að Ísland skyldi eiga landslið sem hélt hreinu á móti Króatíu í fyrri leiknum í umspilinu, og kom til Zagreb í seinni leikinn með raunverulegan möguleika á að komast á HM í Brasilíu í farteskinu, var nokkuð sem fæstir höfðu reiknað með.

Vonbrigðin voru því auðvitað gríðarleg þegar úrslitin lágu fyrir, en engu að síður geta Íslendingar borið höfuðið hátt og stefnan hefur verið sett á úrslitakeppni EM í Frakklandi 2016. Þar munu í fyrsta skipta 24 þjóðir taka þátt og ljóst að margar þjóðir eygja þar möguleikann á að komast í lokakeppni stórmóts. Ísland er ein af þeim þjóðum og eins og árangurinn í undankeppni HM 2014 sýndi er sá möguleiki raunhæfur. Dregið verður í riðla í undankeppni EM 2016 sunnudaginn 23. febrúar nk. Ísland er í fimmta styrkleikaflokki af sex sem þýðir að við getum mætt sterkum knattspyrnuþjóðum í riðlakeppninni. Alls verða 9 riðlar – 8 með 6 liðum og 1 með 5 auk þess sem Frakkland leikur sem sjötta þjóðin í þeim riðli – vináttuleiki. Frakkland er sjálfkrafa með sæti í

úrslitakeppninni 2016 en hin 23 sætin ákvarðast þannig: 9 sigurvegarar riðlanna í undankeppninni, 9 liðin sem hafna í 2. sæti og liðið sem bestum árangri nær í 3. sæti. Hin 8 liðin í 3. sæti leika tvo umspilsleiki um 4 síðustu sætin.

Ekki má gleyma því að undankeppni EM 2016 markar tímamót í skipulagi landsleikja í Evrópu, nokkuð sem hefur verið stefna forseta UEFA í þeirri viðleitni að hefja þá til vegs og virðingar. Unnendur knattspyrnuleiksins munu verða þessara breytinga áþreifanlega varir næsta haust. Leikirnir í riðlum undankeppinnar munu fara fram á þremur samliggjandi dögum – eða sex samliggjandi dögum þegar leiknar verða tvær umferðir í einu – og leiktímar verða staðlaðir. Fyrirkomulagið verður svipað og í Meistara- og Evrópudeildinni. Þegar leiknar verða tvær umferðir yfir sex samliggjandi daga verða hvíldardagar á milli leikja tiltekins landsliðs aðeins tveir í stað þriggja eins og verið hefur. Þetta er mikil breyting, ekki aðeins skipulagslega heldur einnig í umgjörðinni. Réttindi eru nú í fyrsta sinn seld sameiginlega af UEFA og um leið eru kröfur auknar á framkvæmdaaðila leikjanna, þ. e. knattspyrnusamböndin. Sjónvarpsstöðvar mun svo færa okkar þessa leiki heim í stofu, annars vegar leiki okkar liðs – bæði heima og útileiki - í opinni dagskrá (sem þegar er ljóst að verður hjá RÚV næstu 4 árin) og hins vegar leiki annarra þjóða. Leikjum stóru þjóðanna verður dreift yfir dagana sem um ræðir til að auka markaðsvirði keppinnar.

KSÍ gerði samkomulag við Lars Lagerbäck og Heimi Hallgrímsson um að halda áfram með A landslið karla næstu tvö árin og munu þeir stjórna liðinu saman. Heimur mun síðan taka við stjórn liðsins tvö árin þar á eftir. Þeir eiga hrós skilið fyrir gott starf eins og leikmennirnir fyrir þeirra þátt. A landsliðið karla var í árslok 2013 valið lið ársins og Gylfi Þór Sigurðsson íþróttamaður ársins.

Laugardalsvöllur er okkar heimavöllur. Við þurfum að uppfylla auknar kröfur með þátttöku í undankeppni EM 2016. Í því felst að uppfæra þarf lýsinguna á vellinum upp í 1.400 lux, þ. e. auka þarf ljósmagnið verulega en í dag er þessi tala um 1.000 lux. Við þurfum einnig að setja hitakerfi í völinn, þörfin hefur komið í ljós í umspilsleikjum A landsliðanna undanfarin ár. Á sama tíma er fjallað um framtíð Laugardalsvallar. Í því sambandi er rétt að geta þess að við höfum náð saman með Frjálsíþróttasambandinu og orðið sammála um að leiðir þessara tveggja íþróttanna verði að skilja, þ.e. að byggður verði nýr leikvangur fyrir frjálsar íþróttir og Laugardalsvöllur verði eingöngu knattspyrnuleikvangur. Það er Reykjavíkurborg sem er eigandi Laugardalsvallar og því fyrst og fremst á borði borgarinnar að ákveða framhaldið. Starfshópurinn nú að framtíðarskipulagi þessara mála á vegum borgarinnar. Við höfum átt í viðræðum við Reykjavíkurborg um rekstur vallarins og þau atriði sem áður eru nefnd. Þessar viðræður eru í eðlilegum farvegi og ég er bjartsýnn á að ráðist verði í endurbætur á fljóðljósunum fyrir haustið og rekstur vallarins verði tryggður í góðri sátt aðila á milli.

A landslið kvenna náði sínu besta árangri frá upphafi þegar liðið hafnaði í 5. – 8. sæti í úrslitakeppni EM sem fram fór í Svíþjóð í júlí. Liðið var reynslunni ríkari eftir þátttöku í úrslitakeppni EM 2009 en leikmannahópurinn var að mestu sá sami. Liðið toppaði á réttum tíma og náði í sín fyrstu stig í úrslitakeppni. Jafntefli við silfurlið Noregs og fyrsti sigurinn, sem kom gegn Hollandi, voru frábær úrslit og vitnisburður um ótrúlegan metnað og dugnað auk ómældra hæfileika. Sigurður Ragnar Eyjólfsson ákvað að stíga til hliðar í ágúst eftir 7 ára farsælt starf sem þjálfari liðsins og það sama gerði Guðni Kjartansson aðstoðarþjálfari. Freyr Alexandersson tók við liðinu og framundan er tími þróunar og breytinga en vitanlega er stefnan sett á úrslitakeppni HM sem fram fer í Kanada 2015 og í fyrsta sinn taka þátt 24 þjóðar í úrslitakeppni í stað 16 áður. Evrópa fær 8 sæti í Kanada, sem falla sjö sigurvegurum í riðlum undankeppinnar í skaut auk þess sem þau fjögur lið sem hafna í öðru sæti riðlanna leika um eitt sæti. Tvær landsliðskonur léku sinn síðasta landsleik 2013 eftir langan og glæsilegan feril. Katrín Jónsdóttir sem lék 133 A-leiki og Edda Garðarsdóttir sem lék 103 A-leiki. Þeim er þakkað fyrir ómetanlegt framlag til landsliðsins.

Góður árangur yngri landsliða KSÍ setti einnig svip sinn á starfsárið. U19 og U17 liðin komust öll í milliriðla í undankeppni EM og nýtt lið skipað drengjum fæddum 1999 og síðar vann sér inn þátttökurétt á Ólympíuleikum ungmenna, sem fram fara í Kína 2014. U21 landslið karla lék vel og náði góðum árangri í undankeppni EM 2015; vann 4 leiki af 5 og eygir von á umspilssæti komandi haust. Ungir íslenskir leikmenn vekja sem fyrr athygli fyrir góðan árangur og vel er fylgst með þeim á alþjóðlegum vettvangi. Þessi athygli leiðir til félagskipta enda eru margir leikmenn yngri landsliða komnir á mála hjá erlendum félagsliðum.

Knattspyrnusamband Evrópu hefur falið KSÍ framkvæmd á úrslitakeppni EM U17 kvenna og fer keppnin fram á Íslandi sumarið 2015 með átta landsliðum. Íslenska liðið verður eitt þeirra. Þá hefur stjórn KSÍ ákveðið að sækja um úrslitakeppni EM U19 karla 2017 á 70 ára afmæli sambandsins.

Mótahald KSÍ var í föstum skorðum en landsdeildum í meistaraflokki karla var fjölgað um eina og leikið í fyrsta sinn í 10 liða 3. deild. Góður árangur liða í Evrópumótum félagsliða sýndi vel þann vanda sem mótanefnd stendur frammi fyrir við niðurröðun leikja, sér í lagi í júlí og ágúst, þegar aðstæður til knattspyrnu eru með besta móti á Íslandi. Þar takast á sjónarmið um of mikið álag á leikmenn hjá liðum í Evrópukeppni annars vegar og hins vegar leikjafjöldi þeirra liða sem ekki taka þátt í Evrópukeppni.

Breyting var gerð í keppni yngstu iðkenda en keppni í 6. flokki fór fram í 5 manna liðum í stað 7 manna áður. Það varð til þess að aldrei hafa fleiri lið tekið þátt í mótum KSÍ utanhúss eða alls 996. Dómara var skylt að skrá atvik á leikskýrslu með tölvu beint í gagnagrunn KSÍ að leik loknum á leikstað í fyrsta sinn á sl. keppnistímabili. Þessi breyting, sem gekk vel, gerði leikskýrslu KSÍ að mestu leyti rafræna og gaf fjölmiðlum og áhugafólki um knattspyrnu nauðsynlegar upplýsingar með öruggum og skjóttum hætti.

KR varð Íslandsmeistari í meistaraflokki karla í 26. sinn og setti um leið stigamet, 52 stig í 22 leikjum. Það sama gerði Stjarnan í meistaraflokki kvenna. Félagið varð Íslandsmeistari og vann alla 18 leiki sína. Tvö Reykjavíkurfélög, Fjölnir og Víkingur R. unnu sér rétt til að leika í efstu deild karla á nýjan leik og á sama hátt gerðu Fylkir og Akranes það í efstu deild kvenna.

Fram varð bikarmeistari í meistaraflokki karla eftir 24 ára bið eftir sigur á Stjórnunni. Það var sárabót fyrir Stjórnuna að ná 3. sæti í deildinni og komast í Evrópukeppni í fyrsta sinn. Breiðablik varð bikarmeistari í meistaraflokki kvenna í 10. sinn eftir sigur á Þór/KA.

HK og KV unnu sér rétt til að leika í 1. deild karla, Fjarðabyggð og Huginn unnu sér rétt til að leika í 2. deild karla og Einherji og Berserkir að leika í 3. deild karla. Ég óska öllum sigurvegurum sl. árs til hamingju með góðan árangur.

Glæsilegur árangur íslenskra félagsliða í Evrópukeppni karla setti svip sinn á sl. starfsár. FH var nærri sæti í umspili meistaradeildarinnar en fór í umspil Evrópudeildarinnar. Breiðablik féll úr leik eftir vítaspyrnukeppni á Laugardalsvelli þegar í húfi var sæti í umspili Evrópudeildarinnar. ÍBV og KR komust í 2. umferð og alls léku því liðin fjögur 20 Evrópuleiki sem er út af fyrir sig met. Evrópumót félagsliða karla eru markaðssett yfir 3 ára tímabil í senn. Þannig markar Íslandsmótið og bikarkeppni KSÍ upphaf að nýju tímabili í Evrópumótum félagsliða, þ.e. fyrir þau félög sem vinna sér rétt til að leika í Evrópumótum 2015. Sjónvarps- og markaðsréttindi eru seld til þriggja ára og jafnan eru meiriháttar breytingar á fyrirkomulagi innleiddar um leið. Nú berast þær fréttir að enn aukist tekjur UEFA af sölu fyrrnefndra réttinda fyrir komandi tímabil sem hefst 2015 sem leiðir væntanlega til aukinna fjármuna til litlu liðanna. Þá hafa verið gerðar veigamiklar breytingar á

keppnisfyrirkomulagi, einkum hvað varðar Evrópudeildina. Ef sama lið verður Íslands- og bikarmeistari í sumar fær silfurlið bikarkeppninnar ekki lengur rétt til þátttöku í forkeppni Evrópudeildarinnar, heldur flyst sá réttur til liðs nr. 4 í Íslandsmóttinu. Hið sama gerist í öðrum löndum Evrópu. Í aðalkeppni Evrópudeildarinnar leika 48 lið í 12 fjögurra liða riðlum. Í keppninni sem hefst í sumar er leikið um 32 af þessum sætum í forkeppninni. Í keppninni sem hefst 2015 verður aðeins leikið um 22 sæti, þ. e. 26 sæti verða frátekin fyrr stóru liðin. Þetta þýðir augljóslega að forkeppni Evrópudeildarinnar frá 2015 verður þeim mun erfiðari. Til að auka vægi Evrópudeildarinnar mun svo sigurvegari hennar frá 2016 fá rétt til að leika í umspili eða aðalkeppni Meistaradeildarinnar á því keppnistímabili sem á eftir kemur.

Þegar við fjöllum um bikarkeppni KSÍ verðum við að hafa það hugfast að sigur í henni er og verður stysta leiðin til Evrópu. Í því ljósi verður að meta mikilvægi keppninnar fyrir liðin og samstarfsaðilann. Áður nefnd breyting UEFA ryður úr vegi áhrifum þeim sem silfurlið bikarkeppninnar gat haft á lokaumferðir Íslandsmótsins. Því er úrslitaleikur bikarkeppninnar vel staðsettur í ágúst þegar aðstæður til knattspyrnu fyrir leikmenn og áhorfendur eru með besta móti.

Ekki verður hjá því komist að minnast á miður fallegar hliðar knattspyrnuíþróttarinnar sem eru fordómar og óeðlilega afskipti af úrslitum eða gangi leikja. Þessi málefni eru ofarlega á baugi hjá bæði UEFA og FIFA og við verðum bæði að innleiða reglur og halda vöku okkar. Það er nú einfaldlega þannig að við erum ekki brautryðjendur í knattspyrnu, við lærum af öðrum þjóðum og helst nágrönnum okkar á Norðurlöndum. Þannig berast hingað góðir sem slæmir hlutir. Eitt er víst að við köllum eftir aðkomu stjórnvalda þegar vernda þarf íþróttir frá svindli eða hvers kyns framkomu áhorfenda sem stangast á við landslög. Sú skylda hvílir ávallt á knattspyrnuhreyfingunni að halda leikmönnum okkar vel upplýstum og spyrna við fótum í þessari slæmu þróun.

Knattspyrnuhreyfingin leitar til stjórnvalda í fleiri málum. Við viljum fá viðræður um málefni sem snúa að umgjörð reksturs íþróttar, s. s. frekari undanþágur til handa íþróttahreyfingunni varðandi virðisaukaskatt af styrkjum, heimildir til endurgreiðslu virðisaukaskatts af byggingu íþróttamannavirkja og skilgreiningar á verktöku með hagsmuni reksturs íþróttar að leiðarljósi. Það er öllum ljóst að ríkisvaldið mun ekki leggja fram rekstrarfé til íþróttar sem nokkru nemur en þau geta vissulega bætt umhverfi reksturs íþróttar sem eru og verða mikilvægur þáttur í okkar samfélagi.

Á síðasta ári fjölgaði enn erlendum leikmönnum í Íslandsmóttinu og hafa þeir aldrei verið fleiri. Þeir voru 262 samanborið við 227 árið áður. Þessa þróun þarf að skoða en sá fjöldi íslenskra leikmanna, um 100, sem leikur erlendis í uppeldis- eða atvinnutilgangi hefur augljóslega sín áhrif. Rétt er að geta þess að nú hefur stjórn KSÍ komið til móts við kröfur yfirvalda og sett reglur um félagaskipti erlendra leikmanna frá öðrum löndum en innan EES, Grænlandi og Færeyjum og skal tilkynningu um félagaskipti fylgja staðfesting frá Útlendingastofnun og/eða Vinnuárástofnun á dvalar- og atvinnuleyfi leikmannsins á Íslandi.

Viðmiðunarreglur um fjárhagsstöðu tóku gildi 15. nóvember sl. þegar leyfisferlið fyrir 2014 hófst og segja má að þessar reglur gjörbreyti í raun þeim fjárhagslegu kröfum sem gerðar eru til þeirra félaga sem undirgangast leyfisferlið. Krafa er gerð um jákvæða eiginfjárstöðu. Grunnreglan er sú að félag sem er með eða lendir í neikvæðri eiginfjárstöðu fær tvö ár til að bæta úr því. Leyfisumsækjandi með verulega neikvæða eiginfjárstöðu (meira en 10% af knattspyrnulegum rekstrartekjum) getur fengið tveggja ára aukaaðlögun að forsendunni, en þarf að sýna fram á bættu stöðu eftir tvö ár (lækkun um 40%) til að fá það. Nýtt ákvæði um hámarksskuldabyrði. Heildarskuldir og skuldbindingar mega ekki vera hærri en 50% að meðaltali af knattspyrnulegum rekstrartekjum yfir 3 undangengin ár. Grunnreglan er sú að félag sem fer yfir hámarksskuldabyrði fær tvö ár til að bæta úr því. Leyfisumsækjandi með skuldabyrði sem er meira en 60% í

upphafi, getur fengið tveggja ára aukaaðlögun að forsendunni, en þarf a.m.k að halda í horfinu fyrstu tvö árin til að fá það. Aukaaðlögun skv. þessum ákvæðum gildir til loka leyfisárs 2017.

Ný stúka var vígð á Ísafirði með 540 sætum og stúkan var stækkuð í Ólafsvík og í henni eru nú 500 sæti. Framkvæmdir við stúku eru í gangi á Fylkisvelli, smiðshöggið vantar á stúkuna á Hásteinsvelli og þak vantar á nokkrar stúkur m. a. hér á Akureyri. Við höfum nú beðið eftir þaki á stúku við knattspyrnuvöll á Akureyri í meira en hálfa öld. Það var stór stund og skemmtileg að skipuleggja vináttulandsleik við Eistland hér á Akureyri 16. ágúst 1994. En tímarnir breytast og ekki er raunhæft að leika A eða U21 landsleik á Akureyri miðað við núverandi aðstæður. Það sem verra er það sama á við um Evrópuleiki félagsliða þó að við höfum getað fengið undanþágu sl. ár. Hverjir gera þessar kröfur er oft spurt. Í stuttu máli eru það í raun mótherjar okkar í hvert sinn og stuðningsfólk liðanna. Eins og íslensk lið gera kröfur á erlendum vettvangi í keppni gera mótherjar okkar það hér. Þegar spurt er um hvers vegna þurfum við þak fyrir áhorfendur á knattspyrnuleikjum þarf í raun að svara spurningunni, hvort það rigni á Íslandi?

Framfarir í mannvirkjamálum um gjörvalla Evrópu eru ótrúlegar á sl. áratug og ekkert lát er á. KSÍ óskar áfram eftir skilningi bæjaryfirvalda við uppbyggingu knattspyrnumannvirkja. Knattspyrnuíþróttin er fyrir löngu búin að sanna sig á Íslandi og í ár fer fram 103. Íslandsmótið í knattspyrnu á völlum landsins. Akureyrarbær á hrós skilið fyrir byggingu nýs gervigrasvallar á Akureyri – hann mun bæta verulega aðstöðuna hér. Í þessu sambandi er vert að minnast kal eða svell vandamála sem geisuðu á Norðurlandi á sl. ári og settu mótahaldi skorður. Nú glíma félög á höfuðborgarsvæðinu við þennan vanda. Þetta sýnir vel hve berskjölduð við erum gagnvart náttúruöflunum.

Starfsárið markaði tímamót í fræðslustarfi KSÍ en alls voru skipulagðir 26 fræðsluviðburðir innanlands af ýmsu tagi sem er met, auk þess sem fulltrúar á vegum KSÍ tóku þátt í fjölda námskeiða erlendis. Sigurður Ragnar Eyjólfsson, fræðslustjóri, sem stýrt hefur fræðslustarfinu einkar farsælega sl. 12 ár, lét af störfum og við keflinu tók Arnar Bill Gunnarsson. KSÍ væntir mikils af hans störfum.

Hvernig var dómgæslan 2013 gæti einhver spurt? Við fáum örugglega mjög ólík svör eftir því hvar við berum niður. Knattspyrnuhreyfingin getur þó vonandi verið sammála um að í heildina hafi dómgæslan verið af þeim gæðum sem við væntum af því mikla starfi sem unnið er innan okkar raða. KSÍ þarf að eiga milliríkjadómara sem skila góðu starfi innan- sem utanlands. Kristinn Jakobsson mun í ár dæma sitt síðasta ár í hópi FIFA dómara en hann hefur náð lengra á erlendum vettvangi en nokkur annar íslenskur knattspyrnudómari. Það hefur hann gert af metnaði og miklum dugnaði. Árangur hans er til eftirbreytni fyrir aðra knattspyrnudómara.

Mikill vöxtur einkenndi starfsemi KSÍ á liðnu starfsári og má segja að það sé sama hvert litið er í því sambandi. Þessi vöxtur skapaðist að miklu leyti af góðum árangri á leikvöllinum og aldrei fyrr hefur KSÍ staðið fyrir jafnmörgum landsleikjum á einu ári. Þetta setti sitt mark á fjármál KSÍ og kostnaður fór fram úr áætlun en engu að síður var rekstrarhagnaður af hefðbundinni starfsemi upp á rúmar 44 milljónir króna.

Rekstrartekjur KSÍ á árinu 2013 námu 972 milljónum króna samanborið við 842 milljónir króna á árinu 2012. Hækkun rekstrartekna skýrist af auknu framlagi UEFA og uppgjöri á sjónvarpssamningi við Sportfive.

Rekstrarkostnaður KSÍ var 928 milljónir króna samanborið við 794 milljónir króna á árinu 2012. Áætlun gerði ráð fyrir 796 milljón króna rekstrarkostnaði svo að kostnaðurinn var um 132 milljónum króna meiri en áætlað hafði verið. Þessi munur skýrist að stærstum hluta af auknum kostnaði við landslið, rúmar 80 milljónir króna, en verkefni urðu fleiri en áætlað hafði verið. Þá fór móta- og fræðslukostnaður 30 milljónir króna fram úr

áætlun sem skýrist af aukinni starfsemi og auknum ferðakostnaði dómara. Þá var kostnaður við rekstur Laugardalsvallar hátt í 20 milljónir króna meiri en áætlun gerði ráð fyrir. Kom þar til mikill kostnaður við umspilsleik gegn Króatíu.

Rekstrarhagnaður ársins nam tæpum 44 milljón króna, en áætlanir gerðu ráð fyrir rúmlega 59 milljóna króna hagnaði. Að teknu tilliti til fjármagnsliða var hagnaður af starfsemi KSÍ um 57 milljónir króna samanborið við 72 milljónir króna árið áður.

Styrkir og framlög til aðildarfélaganna á árinu námu um 87 milljónum króna vegna barna- og unglingastarfs, leyfiskerfis og fleira samanborið við 72 milljónir króna árið áður. Samþykkt áætlun gerði ráð fyrir styrkjum að fjárhæð 78 milljónir króna. Að teknu tilliti til styrkja og framlaga til aðildarfélaganna var tap ársins 28 milljónir króna en áætlun gerði ráð fyrir jafnvægi.

Fjárhags- og eignastaða KSÍ er traust við áramót og lausafjárstaða góð. Handbært fé lækkar á milli ára og var nú í árslok um 299 milljónir króna. Eignir námu 762 milljónum króna. Eigið fé KSÍ var ríflega 200 milljónir króna í árslok.

Rekstrartekjur KSÍ voru 972 milljónir króna eins og áður sagði og að auki runnu um 432 milljónir króna til aðildarfélaganna KSÍ sem ekki voru tekjufærðar hjá knattspyrnusambandinu heldur viðkomandi félögum en það voru framlög frá UEFA og tekjur af sjónvarps- og markaðsrétti. Í heild voru tekjurnar því rúmar 1.400 milljónir króna og var tæpur einn þriðji þeirra tekjufærður hjá aðildarfélögum sambandsins. Þá er ótalinn mannvirkjasjóður KSÍ en hann var fjármagnaður að fullu með framlagi frá UEFA og fór til framkvæmda aðildarfélaganna. Alls voru greiddar tæplega 53 milljónir króna úr mannvirkjasjóði KSÍ árið 2013.

Eins og fram kemur í ársreikningi mun KSÍ fá 9,5 milljónir Evra frá UEFA, sem skiptast á fjögur ár, fyrir sjónvarps- og markaðsréttindi vegna þátttöku í undankeppni EM 2016 og HM 2018. Þetta eru tekjur KSÍ af sameiginlegri sölu þessara réttinda allra aðildarsambanda UEFA og það er í fyrst sinn sem svo er staðið að málum. Eins og áður hefur verið greint frá varð KSÍ að leysa sig undan samningi við Sportfive sem gerður hafði verið út árið 2015 vegna ofangreindra réttinda. Sportfive gerði hins vegar þá kröfu á móti að fyrirtækið yrði aðeins umboðsaðili vegna sölu réttinda tengdum efstu deild og bikarkeppni árin 2014 og 2015, ef fyrirtækið gæfi eftir rétt sinn til að selja réttindi vegna heimaleikja A landsliðs karla í undankeppni EM 2016. Þetta leiddi til þess að KSÍ tryggði aðildarfélögum sínum sem í hlut eiga óbreyttar tekjur árin 2014 og 2015 af þessum réttindum þar sem fyrirframgreiðsla upp á 120 milljónir króna fyrir þau var úr sögunni. Sportfive selur réttindin eins og fyrr en tekjur verða hins vegar aðeins þær sem markaðurinn býður. KSÍ fyllir í skarðið þannig að heildartekjur félaganna sem í hlut eiga verða um 120 milljónir króna eins og verið hefur sl. 5 ár. Í fjárhagsáætlun KSÍ fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir styrkjum og framlögum til aðildarfélaganna að upphæð 150 milljónir króna. Þessir fjármunir mun fara í barna- og unglingastyrk til félaga (sömu upphæðir) sem ekki eru í efstu deild karla, styrk vegna leyfiskerfis (hækkun í 1.100 þús. í efstu deild og 800 þús. í 1. deild) og það sem upp á vantar til þess að uppfylla skuldbindingu KSÍ vegna ofangreindra breytinga á samningi við Sportfive.

Þau skilyrði og stefna sem stjórn KSÍ hefur undanfarin ár markað til að auðvelda aðildarfélögum sínum starfið hefur skilað góðum árangri. Auðvitað byggja tekjur KSÍ að stærstum hluta á vinsældum knattspyrnuleiksins um heim allan en stór hluti þeirra er notaður til að létta aðildarfélögum þátttöku í mótum á vegum KSÍ. Þau skref voru stigin með því að fella niður mótagjöld, 5% skatt af miðaverði, flutningi á launum dómara til KSÍ (voru 43 milljónir króna 2013) og síðan flutningi á ferða- og upphaldskostnaði dómara til KSÍ (var 58 milljónir króna 2013). Þetta tryggir að öll aðildarfélög njóti og í þeim anda ákvað stjórn KSÍ að greiða barna- og unglingastyrk

til þeirra félaga sem væru utan efstu deildar karla sem mótvægi við sambærilegt framlag UEFA til félaga í efstu deild karla. Þetta er jafnaðarmennska og sanngirni. Í þessum anda hef ég staðið mína vakt innan KSÍ og mun gera svo áfram eins og mögulegt er. Ég gef kost á mér að ári til að leiða áfram KSÍ ef ég fæ stuðning ykkar til þess – það er mér í blóð borið að berjast fyrir hagsmunum íslenskrar knattspyrnu. Af fjárhagsáætlun KSÍ fyrir 2014 má sjá að 3 af hverjum 4 krónum tekna KSÍ munu koma frá UEFA. Tengsl okkar við UEFA hafa verið mikilvæg og verða enn mikilvægari þegar fram líða stundir. Ég hef í þessu sambandi nefnt að hugsanlega muni ég gefa kost á mér í stjórn UEFA 2015, auðvitað eingöngu sem formaður KSÍ, en það veltur á ýmsu í þróun mála innan UEFA og FIFA. Hvað sem því líður verður forgangur minn ávallt KSÍ en það er og verður okkur mikilvægt að eiga sterk ítök í UEFA.

Það var í mörg horn að líta á liðnu starfsári og árangurinn á vellinum var góður. Besta ár í sögu knattspyrnunnar á Íslandi er réttilega sagt. Minningar um frábærar stundir á vellinum lifa. Krafturinn og dugnaðurinn í forystufólki íslenskra knattspyrnufélaga er einstakur. Þig eigið hrós skilið fyrir ykkar miklu og óeigingjörnu störf.

Stjórn KSÍ þakkar ykkur forystusveit íslenskrar knattspyrnu fyrir frábær störf á starfsárinu og fyrir gott samstarf. Það er fyrir ykkar miklu störf sem knattspyrnuhreyfingin á Íslandi stendur eins sterk og raun ber vitni. Við óskum ykkur gæfu á komandi keppnistímabili.

Árþing KSÍ er vettvangur til umræðu og breytinga. Við hittumst hér til að ræða saman formlega, en ekki síður til þess að bera saman bækur okkar með óformlegum hætti. Staða íslenskrar knattspyrnu er sterk þegar ég segi 68. árþing Knattspyrnusambands Íslands sett.

---

### **Viðurkenningar fyrir síðasta starfsár**

Geir Þorsteinsson afhenti jafnréttisviðurkenningu KSÍ til UMFS Dalvíkur

Geir Þorsteinsson tilkynnti um fjölmiðlaverðlaun KSÍ 2013 til Guðmundar Benediktssonar.

Geir Þorsteinsson afhenti grasrótarverðlaun KSÍ og UEFA. Verðlaunin hlaut Fram.

Geir Þorsteinsson afhenti háttvísisviðurkenningar.

*Kvennabikarinn vegna háttvísi í Pepsi-deild kvenna: Stjarnan*

*1. deild kvenna: Fram*

*Dragostyttur:*

- KR vegna háttvísi í Pepsi-deild karla
- Grindavík vegna háttvísi í 1.deild karla

2. deild karla: HK

3. deild karla: Fjarðabyggð

4.deild karla: Árborg

Geir Þorsteinsson afhenti dómarviðurkenningu KSÍ til FH, Fylkis, ÍA, KA, Sindra og Völsungs



**Formaður KSÍ gerði tillögu um eftirtalda í kjörbréfanefnd og voru þeir sjálfkjörnir:**

Almar Guðmundsson, formaður  
Friðrik Magnússon  
Þorsteinn Magnússon  
Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

**Formaður KSÍ gerði tillögu um 1. og 2. þingforseta:**

1. þingforseti: Steinn Halldórsson  
2. þingforseti: Bragi Bergmann  
og voru þeir báðir samþykktir af þingfulltrúum með lófataki. 1. þingforseti tók því næst við þingstjórn.

**Fram var borin tillaga um 1. og 2. þingritara:**

1. þingritari: Ágúst Ingi Jónsson  
2. þingritari: Klara Bjartmarz  
og voru þau bæði samþykkt með lófataki og tóku þegar til starfa.

---

**Ávörp gesta**

Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri þakkaði knattspyrnuforystunni það áræði að koma með þingið norður til Akureyrar. Hann liti svo á að það væri viðurkenning á því mikla og góða starfi sem unnið hefði verið hjá KA og Þór að knattspyrnumálum og vonandi líka fyrir það starf sem sveitarfélagið hefur verið að vinna að uppbyggingu knattspyrnumannvirkja í sveitarfélaginu. Eiríkur Björn óskaði þinginu velfarnaðar í störfum.

Hafsteinn Pálsson, stjórnarmaður í Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands flutti kveðju forseta ÍSÍ og framkvæmdastjórnar. Hann sagði starf KSÍ vera glæsilegt og árangur á síðasta ári framar öllum vonum. Landsliðið í fótbolta hafi hrifið þjóðina sem aldrei fyrr. Árangur KSÍ hafi ekki bara verið góður heldur hreyfingarinnar allrar og forsenda góðs árangurs væri grasrótastarfið í landinu. Vel sé haldið á málum hjá KSÍ og byggt á þeim trausta fjárhag sem sambandið búi við. Hafsteinn sagði eitt af sameiginlegum verkefnum ÍSÍ, sérsambandanna og héraðssambandanna að knýja á um aukinn stuðning ríkisvaldsins til íþróttastarfs í landinu. Róðurinn væri þungur, en nú hilli undir aðeins aukið fjámagn, eins og t.d. í ferðasjóðinn. Hann vék að sameiginlegum fyrirtækjum hreyfingarinnar, Íslenskri getspá og Getraunum, sagði að standa þyrfti vörð um þessi fyrirtæki, en líka að hafa í huga að lottó er lottó og tekjur geti sveiflast milli ára. Síðasta ár hafi verið mjög gjöfult. Að lokum sagðist Hafsteinn óska þess að þingið mætti skila knattspyrnunni áfram veginn, svo hún megi eflast og dafna um ókomna tíð.

Sigurður Þórir Þorsteinsson, formaður Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands sagði að góður árangur hafi náðst í málefnum þjálfara og vel sé staðið að fræðslumálum hjá KSÍ, sem eigi heiður skilinn, en aðildarfélagin hafi einnig staðið sig vel. Ræddi hann tilgang Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands, sem var stofnað 1970 til að sameina þjálfara í einu félagi og sinna menntun þjálfara. Sagði erlent samstarf vera árangursríkt og samstarfið við KSÍ hafa verið gott. Hann sagði að fleiri þurfi að geta sinnt þjálfun í fullu starfi með mannsæmandi laun. Vildi fá viðurkenningu á að þetta væri vinna, ekki bara leikur og hobbý. Kröfur hafi aukist til þjálfara og þyrfi að tryggja réttindi þeirra. Núna hefðu 218 manns greitt félagsgjald í KÞÍ. Þakkaði KSÍ samstarfið, sem hafi stutt KÞÍ faglega og fjárhagslega, sem skipti gríðarlegu máli. Þakkaði sérstaklega fræðslustjóra KSÍ.

**Álit kjörbréfanefndar**

Almar Guðmundsson flutti álit kjörbréfanefndar.

Frá HHF (1): Páll Vilhjálmsson

Frá HSB (1): Jónas Leifur Sigursteinsson

Frá HSH (4): Jónas Gestur Jónasson, Steinunn D. Ingibjörnsdóttir, Hilmar Hauksson og Sigurbjörg Jónsdóttir.

Frá HSK (8): Sveinbjörn Másson, Sævar Þór Gíslason, Hafþór Sævarsson, Sveinn Jónsson, Guðbjartur Örn Einarsson, Valgeir Ásgeirsson, Hafþór Theodórsson og Edda Eggertsdóttir.

Frá HSV (2): Pétur G Markan og Gísli Jón Hjaltason.

Frá HSP (3): Kjartan Páll Þórarinnsson, Róbert Ragnar Skarphéðinsson og Guðmundur Þór Sæmundsson.

Frá ÍA (3): Haraldur Ingólfsson, Jónína H. Víglundsóttir og Jón Gunnlaugsson.

Frá ÍBA (7): Orri Stefánsson, Ragnheiður Jakobsdóttir, Unnsteinn Jónsson, Ellert Gunnsteinsson, Gunnar Níelsson, Gunnar Gunnarsson og Halldór Aðalsteinsson.

Frá ÍBH (7): Jóhann Unnar Sigurðsson, Jón Erlendsson, Magnús Gunnarsson, Jón Rúnar Halldórsson, Lúðvík Arnarson, Birgir Jóhannsson og Viðar Halldórsson.

Frá ÍRB (4): Þorsteinn Magnússon, Einar Aðalbjörnsson, Matthías Magnússon og Oddur Sæmundsson.

Frá ÍBR (35): Kári Arnórsson, Guðni Þórisson, Kristján Einarsson, Sverrir Einarsson, Snorri Már Skúlason, Júlíus Geir Guðmundsson, Elín Þóra Böðvarsdóttir, Ásgeir Ásgeirsson, Jón Óli Sigurðsson, Ólafur Geir Magnússon, Valur Ingi Johnsen, Jónas Kristinsson, Kristinn Kjærnested, Raket Logadóttir, Viðar Bjarnason, Benóný Valur Jakobsson, Haraldur Haraldsson, Heimir Gunnlaugsson, Valdimar Sigurðsson, Friðrik Magnússon, Páll Kristjánsson, Jón Bjarni Kristjánsson, Raket D. Magnúsdóttir, Bjarni Björnsson, Þórður Einarsson, Jón Kaldal, Baldur Haraldsson, Ótthar Edvardsson, Sigurður Þórir Þorsteinsson, Jóhannes Guðlaugsson, Sigurður Sighvatsson, Halldór Þ. Halldórsson Ásta Matthíasdóttir, Ásdís Eva Hannesdóttir og Sigrún Þ Gunnarsdóttir.

Frá ÍBV (5): Hjálmar Jónsson, Örn Hilmarsson, Haraldur Pálsson, Íris Sæmundsdóttir og Óðinn Steinsson.

Frá ÍS (4): Jónas Karl Þórhallsson, Rúnar Sigurjónsson, Sigurður Halldórsson og Marteinn Ægisson.

Frá UÍA (5): Bjarni Ólafur Birkisson, Stefán Már Guðmundsson, Búi Vilhjálmur Guðjónsson, Árni Ólason og Magnús Már Þorvaldsson.

Frá UMSE (2): Björn Friðbjólfsson og Stefán Garðar Níelsson.

Frá UMSB (1): Jakob Skúlason.

Frá UMSK (19): Baldur Már Bragason, Ragnar Bogi Pedersen, Viggó Magnússon, Jón Sigurðsson, Árni Pétursson, Borghildur Sigurðardóttir, Eysteinn Pétur Lárusson, Kristján Ingi Gunnarsson, Halldór Arnarsson, Friðrik Már Gunnarsson, Guðmundur Bragason, Óli Valur Steindórsson, Ingólfur Garðarsson, Birgir H Stefánsson, Almar Guðmundsson, Jóhann Steinar Ingimundarson, Valdimar Leó Friðriksson, Vala Guðný Guðnadóttir og Sigurður Rúnar Magnússon.

Frá UMSS (3): Dagur Baldvinsson, Guðjón Örn Jóhannsson og Skúli V. Jónsson.

Frá USAH (1): Örlygur Þór Helgason.

Frá USÚ (2): Kristján S. Guðnason og Gunnar Ingi Valgeirsson.

Frá USVH (1): Ómar Eyjólfsson.

Enginn mætti frá: HSS, UÍF, UDN og USVS.

Fyrrnefndir 118 fulltrúar (af 144) mættu til þings og voru kjörbréf þeirra einróma samþykkt. Auk þeirra sátu fjölmargir varafulltrúar ársþingið.

**Framkvæmdastjóri KSÍ, Þórir Hákonarson, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar.**

**Gjaldkeri KSÍ, Guðrún Inga Sívertsen, skýrði reikninga sambandsins og Laugardalsvallar.**

### **Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga**

**Unnsteinn Jónsson** tók til máls og benti á að mótakostnaður á starfsárinu hefði verið 142,5 milljónir, en áætlun upp á 123,5 milljónir. Í fræðslustarf hefðu farið 45,5 milljónir, en áætlun sagði 35 milljónir. Í báðum þessum liðum hefði verið farið fram úr áætlun, sem samþykkt var á síðasta ársþingi. Unnsteinn taldi að mikilvægt væri að stjórn færi ítarlega yfir málin þegar farið væri fram úr áætlunum.

**Valdimar Leó Friðriksson** tók til máls og þakkaði góða skýrslu. Þakkaði fyrir rekstur síðasta árs og undanfarinna ára. Vék að stuðningi við félögin og greiðslu dómarakostnaðar. Fjallaði um mannvirkjasjóð og vinnu við að ná til baka virðisaukaskatti af framkvæmdum við íþróttamannvirki. Sagði að það ætti að vera forgangsverkefni hjá stjórn KSÍ að semja um slíkt við ríkisvaldið. Greindi frá hugmyndum Aftureldingar um byggingu knattspyrnuhallar eða fjölnota íþróttahúss og að hugur væri í fólki í Mosfellsbæ að byggja slíkt hús. Sagði að það ætti að vera annað forgangsverkefni stjórnar KSÍ á þessu kosningavori að hvetja sveitarfélög til byggingar slíkra húsa. Breiða út boðskapinn og hvetja sveitarfélög áfram.

**Haraldur Haraldsson** tók til máls og sagði það óásættanlegt fyrir félögin í Reykjavík að standa í samkeppni við sérsamband eins og KSÍ um fjármuni frá Reykjavíkurborg. Peningar væru af skornum skammti hjá borginni eins og annars staðar og það hamlaði uppbyggingu hjá félögunum að borgin væri að sinna framtíðaruppbyggingu á Laugardalsvelli, nú þegar væri borgin t.d. langt á eftir með viðhaldsstyrki. Haraldur sagði að ríkisvaldið ætti að koma að uppbyggingu þjóðarleikvangs í Laugardal. Þakkaði góða skýrslu og góða reikninga, sagði frábært að tilheyra þessari hreyfingu.

**Viðar Halldórsson** tók til máls og þakkaði fyrir skýrslu stjórnar og framsetningu á reikningum. Sagði Laugardalsvöllinn lengi hafa verið vandamál. Sagði hann ekki vera fótboltavöll, alvöruvöllur hefði jafnvel getað fleytt Íslandi til Brasilíu. Vék að Evrópukeppni félagsliða og nefndi að Breiðablik hefði í sumar þurft að spila heimaleik í Evrópukeppni á Laugardalsvelli vegna krafna sem UEFA gerði. Litlu hafi munað að FH þyrftum líka að spila heimaleik á Laugardalsvelli og það hefði getað skapað vandamál ef öll íslensku liðin í Evrópukeppninni hefðu þurft að spila á Laugardalsvellingum, en tveir dagar þurfi að líða á milli leikja þar. Vinna þyrfi að því að lækka þessa stuðla í kröfum UEFA. Sagði tap upp á 28 milljónir ekki ásættanlegt þegar styrkir frá UEFA og tekjur af sjónvarpsrétti hefðu stóraukist. Á næsta starfsári þyrftum við að reka sambandið með hagnaði.

**Geir Þorsteinsson** þakkaði ábendingar og sagðist óánægður með að skila ársreikningi með tapi. Áætlanir þyrftu að vera raunhæfar, en í fyrra lífðum við ár sem við höfðum ekki áætlað, sagði Geir. Hann sagði dómarakostnað að vissu leyti vera áhyggjuefni, ekki að hann sé á herðum Knattspyrnusambandsins, heldur hve vöxtur þessa kostnaðar sé mikill og hve stjórnun þeirra mála geti verið erfið. Reynt væri að koma böndum á þennan kostnað, en þarna togist líka á fagleg og fjárhagsleg sjónarmið þegar ákveðið væri hvaðan dómari væri sendur til að dæma leik. Sú stefna sem hefði verið rekin að auðvelda öllum þátttöku í Íslandsmóti í knattspyrnu hefði aukinn kostnað í för með sér. Ný lið sem kæmu til þátttöku leiddu til aukins kostnaðar.

Niðurstaða á ársreikningi væri ekki viðunandi og það væri stefnan að skila sambandinu hallalaus. Rekstur Laugardalsvallar hefði verið erfiður á síðasta ári sem leiddi til halla á samstæðunni. Jafnframt sagði Geir að ríkisvaldið væri honum ofarlega í huga og brýnt væri að fá miklu meiri skilning hins opinbera á umhverfi íþróttar.

**Viðar Halldórsson** gerði miðaverð á landsleiki karla að umræðuefni. Aðgöngumiði hefði verið seldur á 9 evrur eða 1500 krónur. Við værum að tapa fullt af peningum og henda frá okkur mörgum milljónum með því að vera ekki með eðlilegt verð á svona viðburð.

**Þórir Hákonarson** sagði að á síðasta ári hefði áhugi á leikjum karlalandsliðsins aukist verulega. Árin þar á undan hefði það verið hending ef Laugardalsvöllurinn væri fullur og oft hefðu mörg ár liðið á milli leikja þegar uppselt væri á völlinn. Það var ekki fyrr en á síðasta ári sem við fórum að fylla völlinn á forsendum okkar landsliðs. Ákvörðun var tekin í byrjun síðasta árs um að hafa miðaverðið óbreytt frá árinu á undan. Miðaverðið verður tekið til skoðunar og verður að öllum líkindum hækkað fyrir næsta tímabil, að minnsta kosti lítillaga, og það er gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun.

**Almar Guðmundsson** þakkaði aukna upplýsingagjöf til þingfulltrúa. KSÍ væri stór hreyfing og það væru breiðvirkir og miklir hagsmunir í okkar röðum. Því væri upplýsingagjöf mikilvæg og almennt ættu upplýsingar að vera uppi á borðinu. Almar lagði áherslu á ráðdeild í rekstri sambandsins og að fara varlega í það að vera með mjög þungar kröfur hvað varðar leikvanga, stúkubyggingar og fleira. Hann kallaði eftir því að á næsta starfsári færi fram umræða um leyfiskerfið með þetta til hliðsjónar.

**Magnús Már Þorvaldsson** talaði um að það tækji háskólastúdent 16 mínútur að missa athyglina á fyrirlestrum. Hann væri búinn að sitja hérna í hátt í tvo tíma og viðurkenndi fúslega að það kæmi fyrir að hann missti athyglina á því sem sagt væri. Hann taldi að það væri kominn tími til að taka hlé.

## Reikningar sambandsins voru samþykktir einróma.

### Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 16

Tillögur á þingskjölum 6 til 16 voru bornar upp og teknar til afgreiðslu.

#### Þingskjal 6

Þórir Hákonarson hafði framsögu.

#### Rekstraráætlun 2014

	Skýr.	Áætlun 2014	Raun 2013	Áætlun 2013
<b>Rekstrartekjur</b>				
Styrkir og framlög	1	524.500.000	540.500.821	506.300.000
Tekjur af landsleikjum		40.000.000	53.736.280	24.000.000
Sjónvarpsréttur		380.000.000	304.735.026	241.000.000
Aðrar rekstrartekjur		38.500.000	39.229.215	39.800.000
Rekstrartekjur Laugardalsvallar		50.800.000	33.331.303	44.660.000
		<b>1.033.800.000</b>	<b>971.532.645</b>	<b>855.760.000</b>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Kostnaður við landslið	2	-409.650.000	-445.114.482	-365.100.000
Mótakostnaður		-138.900.000	-142.515.864	-123.500.000
Fræðslukostnaður		-44.600.000	-45.558.908	-35.000.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	-194.500.000	-179.668.959	-178.800.000
Húsnæðiskostnaður		-19.600.000	-19.889.137	-19.300.000
Annar rekstrarkostnaður		-16.000.000	-3.812.976	-4.000.000

Rekstrargjöld Laugardalsvallar	-59.550.000	-73.162.572	-55.350.000
Afskriftir	-15.000.000	-17.787.015	-15.000.000
	<b>-897.800.000</b>	<b>-927.509.913</b>	<b>-796.050.000</b>
<b>Hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld</b>	<b>136.000.000</b>	<b>44.022.732</b>	<b>59.710.000</b>
<b>Aðrar tekjur og gjöld</b>			
Styrkir vegna mannvirkjasjóðs KSÍ	30.000.000	52.850.000	40.000.000
Framlög úr mannvirkjasjóði KSÍ	-30.000.000	-52.850.000	-40.000.000
Fjármunatekjur	15.000.000	17.481.821	19.500.000
Fjármagnsgjöld	-1.000.000	-3.969.014	-1.000.000
Gengismunur	0	-811.630	0
	<b>14.000.000</b>	<b>12.701.177</b>	<b>18.500.000</b>
<b>Hagnaður/tap ársins</b>	<b>150.000.000</b>	<b>56.723.909</b>	<b>78.210.000</b>
<b>Styrkir og framlög til aðildarfélaga</b>	<b>-150.000.000</b>	<b>-84.656.681</b>	<b>-78.000.000</b>
<b>Niðurstaða eftir greiðslur til aðildarfélaga</b>	<b>0</b>	<b>-27.932.772</b>	<b>210.000</b>

## Skýringar

	Áætlun 2014	Raun 2013	Áætlun 2013
<b>1. Styrkir og framlög</b>			
ÍSí	27.500.000	32.102.373	24.300.000
Getraunir	6.000.000	5.774.455	6.000.000
UEFA styrkir	381.000.000	408.106.893	371.000.000
FIFA styrkur	50.000.000	53.367.100	55.000.000
Ýmsir styrkir	60.000.000	41.150.000	50.000.000
	<b>524.500.000</b>	<b>540.500.821</b>	<b>506.300.000</b>
<b>2. Kostnaður við landslið</b>			
A-landslið	252.150.000	272.433.334	216.200.000
Yngri landslið	131.200.000	140.567.874	122.600.000
Sameiginlegur landsliðskostnaður	26.300.000	32.113.274	26.300.000
	<b>409.650.000</b>	<b>445.114.482</b>	<b>365.100.000</b>
<b>3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>			
Launakostnaður	111.600.000	94.497.582	100.600.000
Launatengd gjöld	22.100.000	21.326.837	24.300.000
Skrifstofu- og rekstrarkostnaður	60.800.000	63.844.540	53.900.000
	<b>194.500.000</b>	<b>179.668.959</b>	<b>178.800.000</b>

Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt samhljóða.

## Þingskjal 7

Geir Þorsteinsson hafði framsögu.

### Tillaga um breytingu á lögum KSÍ

–Fyrirmæli skv. samþykktum breytingum á lögum ÍSÍ–

Lögð er til við ársþing KSÍ eftirfarandi breyting á lagaákvæði 9.7. í samræmi við samþykktar breytingar á lögum ÍSÍ.

Í lögum ÍSÍ segir:

48.3. Í lögum sérsambanda skulu vera ákvæði um eftirfarandi:

a. Sérsambandsþing séu boðuð með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda þeim aðilum sem eiga rétt á fulltrúa/fulltrúum á þingið samkvæmt lögum viðkomandi sérsambands.

b. Val fulltrúa á sérsambandsþingi miðist við fjölda iðkenda, félaga eða keppenda eða eftir annarri aðferð sem viðkomandi sérsamband ákveður og framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkir.

**Stjórn hvers héraðssambands/íþróttabandalags, sem hefur viðkomandi íþróttagrein innan sinna vébanda, skal þó eiga rétt á a.m.k. einum áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á sérsambandsþing til viðbótar við fulltrúa félaga innan viðkomandi héraðssambands/-íþróttabandalags.**

### ***Tillaga að lagabreytingu til samræmis við ákvörðun Íþróttapings 2013:***

**Lagt er til að nýr stafliður - c - bætist við í grein 9.7. í lögum KSÍ:**

9.7. Á knattspyrnuþingi eiga auk kjörinna fulltrúa rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

a. Stjórnarmenn KSÍ.

b. Framkvæmdastjóri KSÍ.

**c. Einn fulltrúi stjórnar hvers héraðssambands þar sem knattspyrna er iðkuð.**

Stjórn KSÍ

**Viðar Halldórsson** tók til máls og sagði óþarft að hafa sérstaka fulltrúa héraðssambanda á ársþingi KSÍ því félögin væru hluti af héraðssamböndunum og því fulltrúar þeirra. Ættum að hafna þessu og vera harðir á því.

**Geir Þorsteinsson** tók til máls og sagði að efnislega væri hann ekki ósammála Viðari, en KSÍ ætti í raun ekki annan kost en að samþykkja tillöguna í framhaldi af breytingum sem hefðu verið gerðar á lögum ÍSÍ. Hægt væri að vinna síðar að breytingum á þessu ákvæði á vettvangi ÍSÍ.

Tillaga á þingskjali 7 var samþykkt með 57 atkvæðum, 25 voru á móti (2/3 atkvæða þurfti þar sem um lagabreytingu var að ræða).

## Þingskjal 8

Framsögu hafði Viggó Magnússon.

### Tillaga um breytingu á lögum KSÍ

– Breyting á fyrirkomulagi í deildakeppni kvenna –

Lögð er til við ársþing KSÍ eftirfarandi breyting á lagaákvæði 33.2 og viðeigandi breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót:

#### **Lagagreinin hljóðar svo:**

33. grein - Knattspyrnumót

33.2. Í 0. deild Íslandsmóts meistaraflokks kvenna skulu vera 10 lið og í 1. deild skulu vera þau lið, sem ekki eiga sæti í efstu deild.

#### **Greinin hljóði svo, breytingar feitletraðar:**

33. grein - Knattspyrnumót

33.2. Í 0. deild Íslandsmóts meistaraflokks kvenna skulu vera 12 lið, í 1. deild skulu vera þau lið sem ekki eiga sæti í efstu deild. Mótanefnd KSÍ er heimilt að skipta liðum í 1. deild, ef næg þátttaka fæst, í tvær deildir, 1. og 2. deild.

#### **Ákvæði til bráðabirgða fyrir keppnistímabilið 2014**

I. Liðum í 0. deild skal fjölga vorið 2015 úr 10 í 12.

Leikið verður til úrslita um sæti í 0. deild með eftirfarandi hætti:

Liðið sem lendir í þriðja sæti í 1. deild árið 2014 leikur gegn liðinu sem lendir í níunda sæti og liðið sem lendir í fjórða sæti leikur gegn liðinu sem lendir í tíunda sæti.

Fyrirkomulagið verður með þeim hætti að leiknir verða úrslitaleikir, á hlutlausum velli, sigurvegarar leikjanna vinna sér rétt til keppni í 0. deild 2015.

II. Skipting 1. deildar í 1. og 2. deild verði hrint í framkvæmd með ákvörðun stjórnar KSÍ annað hvort samhliða fjölgun liða í 0. deild 2015 eða þegar fjöldi liða í 1. deild er fyrirsjáanlega að lágmarki 16 lið. Við skiptingu deildarinnar skal tekið mið af þeim sætum sem lið höfnuði í á Íslandsmóti 2014 eða keppnistímabilið áður en skiptingu deildarinnar er hrint í framkvæmd samkvæmt ákvörðun stjórnar.

#### **Greinargerð:**

Breytingu þessari yrði hrundið í framkvæmd vorið 2015.

Lagt er í vald stjórnar KSÍ að meta hvort fýsilegt er að gera 1. deildina vorið 2015 að 10 liða deild með sama fyrirkomulagi og 1. deild karla og skipta deildinni í 1. og 2. deild. Ekki þykir rétt að binda þetta svo að

lagaákvæðið standi eftir óframkvæmanlegt ef forsendur reynast ekki til breytingar 1. deildarinnar þegar til á að taka.

Ef forsendur eru til beggja breytinganna gæti það markmið náðst að gera deildir sem hafa upp á meiri breidd að þjóða og að allir leikir í t.d. 1. deildinni verði mikilvægir, en ekki eins og nú að það sé nánast spurning um dagsform í ágúst í úrslitakeppni. Með nýrri 2. deild myndi skapast betri forsendur fyrir ný lið að hasla sér völl án þess að lenda í mjög ójöfnum leikjum við lið sem stæðu þeim mun framar.

Í efri deildunum ætti líka að nást það markmið að fjölga leikjum á hvert lið og fjölbreytileika þeirra mótherja sem liðin eru að spila við í báðum deildum.

Bent hefur verið á að efsta deild kvenna er spiluð á skjön við sambærilegar keppnir á Norðurlöndunum og úr takti við landsliðsverkefni og Evrópukeppni.

Bestu leikmenn efstu deildar eru ýmist ekki komnir í form á vorin þegar landsliðsverkefni hefjast eða úr leikformi þegar landsliðs og Evrópukeppniverkefni eru að hausti.

Einnig má benda á að það myndast betri möguleikar fyrir ný lið að hasla sér völl í úrvalsdeild, meiri möguleikar væru fyrir leikmenn að spila í þeirri deild án þess að leikmenn þurfi að freista gæfunnar með því að ganga til liðs við ca 4 bestu liðin með tilheyrandi samkeppni um stöður í þeim sem stuðlar að hættu á auknu brottfalli eftir að los kemst á leikmenn eftir félagsskipti sem leikmenn höndla svo ekki í samkeppni við "heimamenn".

Gallar eða möguleg vandkvæði, meira álag á völlum, meiri ferðakostnaður, mögulega dómavandamál en allt atriði sem á að vera hægt að leysa með góðum vilja og samstilltu átaki í áttina að betri kvennaknattspyrnu.

Breiðablik  
HK  
Valur  
Víkingur R  
Þróttur R

Jón Halldórsson tók til máls og taldi fjölgun liða í efstu deild kvenna ekki tímabæra og ekki skynsamlega ákvörðun. Nú væru 28 lið með lið í meistaraflokki kvenna og með fjölgun í efstu deild í 12 lið yrðu 16 lið eftir sem ættu að leika í tvískiptri 1. deild með átta liðum í hvorum riðli. Staðan væri sú að kvennaknattspyrnan væri í raun ung grein og hún þyrfti að fá að þroskast. Fjölgun nú í efstu deild myndi hafa aukinn kostnað í för með sér. Vissulega væru margir yngri flokkar að koma upp og fjölgun mætti skoða þegar meistaraflokkum hefði fjölgað. Einnig mætti horfa til nágrannalanda þar sem víðast væru færri lið í efstu deild.

Þórir Hákonarson tók til máls og sagði að skoða þyrfti málin vel áður en ákvörðun væri tekin um fjölgun. Hann sagði að 12 lið væru í efstu deild í Noregi og Svíþjóð, 10 í Finnlandi og á Íslandi og 8 í Danmörku. Fjölgun í 12 lið í efstu deild hefði í för með sér 46% fjölgun leikja þar, fjölgun umferða um fjórar og verulega aukinn kostnað. Ef fjölgunin hefði átt að taka gildi fyrir næsta keppnistímabil hefðu landsleikjadagar lent inni á miðju keppnistímabili og Íslandsmótinu hefði lokið um miðjan október. Auk þessa hefði fjölgunin mikil áhrif á fyrirkomulag bikarkeppninnar. Þegar 2. deild yrði sett á laggirnar yrðu 6 lið í þeirri deild og miðað við núverandi samsetningu yrði gífurlegur ferðakostnaður í þeirri deild. Nú þegar væri of mikið álag á marga leikmenn, sem margir léku jafnframt með 2. og 3. flokki.

Valdimar Leó Friðriksson tók til máls og sagði KSÍ vera íhaldssamt batterí og menn tækju sér góðan tíma í að gera breytingar. Hann sagðist hafa á tilfinningunni að tillagan yrði felld, en sagðist frekar vilja að málinu yrði vísað til stjórnar, sem skoðaði það í kjölinn.

**Tillaga á þingskjali 8 var felld með miklum mun.**



**Þingskjal 9**

Framsögu hafði Viggó Magnússon.

**Ályktunartillaga um breytingu  
á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót  
– Aldursflokkaskipting–**

**Lagt er til við stjórn KSÍ að breyting verði gerð á ákvæði 2. greinar í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.**

Lagt er til að breyting verði gerð á grein 2.1.2. í reglugerð um knattspyrnumót:

**Núgildandi ákvæði:**

2.1.2. 2. aldursflokkur: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 17 ára og til og með því almanaksári er hann verður 19 ára.

**Tillaga:**

2.1.2.a. 2. aldursflokkur karla: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 17 ára og til og með því almanaksári er hann verður 19 ára.

2.1.2.b. 2. aldursflokkur kvenna: Nefndur U22: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 18 ára og til og með því almanaksári er hann verður 22 ára.

**Greinargerð:**

Efnislega felur breyting þessi í sér að 2. flokki kvenna verði breytt svo að tveimur til þremur árgöngum verði bætt aftan en einn felldur framan af sem eykur við aldur 3. flokks, sbr. meðfylgjandi tillögu. Þannig yrðu leikmenn 22 ára gjaldgengir með flokknum.

Jafnframt yrði kannað að einnig verði leyfilegt að hafa 4 leikmenn sem eru eldri í liðinu. Flokkinn mætti nefna 1.flokk í stað 2.flokks, eða U-22 eins og hér er lagt upp með, allt eftir útfærslunni til dæmis með hliðsjón af því hvernig staðið er að málum í nágrannalöndum. Deildin gæti verið A og B getuskipt rétt eins og er í dag og væri raðað á Íslandsmót í fyrsta sinn 2015 eftir árangri síðasta tímabils hjá þáverandi 2. flokki.

Því er beint til stjórnar að kanna hvort mögulegt er að haga reglum þannig að varamenn í mfl. sem að koma ekki inn á í leik, séu gjaldgengir í næsta leik á eftir með 1.flokki./U22.

Þetta gæti leyst að einhverju leyti það að leikmenn sem ekki eru að komast í lið í mfl. eigi möguleika á að halda áfram að þroska knattspyrnuhæfileikana eða einfaldlega að njóta þess að spila knattspyrnu lengur en þær annars gætu við að vera hafnað í mfl. liðsins, þessir leikmenn geta vel átt eftir að taka út þroska og/eða geta spilað sig í gang eftir t.d. meiðsli eða fjarveru af einhverju tagi. Eins gætu hæfileikaríkir leikmenn sem þurfa að hægja á sér í eigin tilveru en vilja spila fótbolta að einhverju leyti gírað sig niður tímabundið eða varanlega.

Þess er að vænta að breyting sem þessi myndi auka þann fjölda iðkenda sem heldur lengur áfram að leggja stund á íþróttina og þar með að efla grasrótina í félögunum þar sem fleiri tengjast íþróttinni beint fram á fullorðins aldur í stað þess að leggja skóna á hilluna í menntaskóla eða fljótlega eftir það.

Breiðablik  
HK  
Valur  
Víkingur R  
Þróttur R

Jón Halldórsson tók til máls og sagði unglिंगastarf í eðli sínu allt annað en starfið í meistaraflokki. Með þessari breytingu væri verið að flytja unglिंगastarfið langt fram yfir tvítugt með auknum kostnaði fyrir félögin. Meðalaldur leikmanna í meistaraflokki í fyrra var 21,9 ár eða undir þeim aldri sem nú ætti að miða við. Eftir síðustu fjölgun í efstu deild hefði erlendum leikmönnum fjölgað, en án þeirra væri meðalaldurinn undir 21 ári.

Viggó Magnússon tók til máls og sagði að með tillögunni væri verið að fjölga leikmönnum, sem yrðu gjaldgengir í 2. flokki. Það hefði í för með sér minna brottfall leikmanna. Viljum fjölga tækifærum svo leikmenn hrökklist ekki frá vegna þess að þeir fá ekki tækifæri hjá sínu uppeldisfélagi.

Benóný Valur Jakobsson tók til máls og sagði að með tillögunni væri verið að fjölga tækifærum þannig að leikmenn myndu síðar hætta í fótbolta um tvítugt. Fengju tækifæri til að leika með 2. flokki í stað þess að sitja á bekknum í meistaraflokki. Þyrfti ekki að auka kostnað því hvorki væri verið að fjölga þjálfurum né leikjum.

Þórir Hákonarson tók til máls um tillögur á þingskjölum 9 og 10. Hann sagði ekki alls kostar rétt greint frá skipan mála varðandi 3. flokk á Norðurlöndum og með þessari breytingu væri verið að stíga annað skref heldur en Norðurlöndin hefðu gert. Í 3. flokki yrðu eftir breytinguna unglingar sem væru í 9. og 10. bekk grunnskóla og á fyrsta ári í framhaldsskóla og spyrja mætti hvort þessir hópar ættu samleið. Því mætti einnig velja upp hvort með þessari breytingu í þriggja ára 3. flokk væri verið að flýta brottfalli. Nú þegar væru árekstrar við niðurröðun leikja í mfl. og 2. flokki og jafnvel í 3. flokki, þessi vandi gæti aukist með breytingunni. Íhuga þyrfti vandlega hvaða áhrif þessar breytingar hefðu á heildina.

Almar Guðmundsson tók til máls og sagði það skoðun Stjórnunnar að ekki væri tímabært að gera þessar breytingar, sem lagðar væru til í þingskjölum 9 og 10. Eigi að síður væri miður ef tillögunum væri hafnað og síðan ekki söguna meir. Nauðsynlegt væri að taka þessa umræðu og sagðist vilja að málið yrði skoðað á milli þinga.

Stefán Már Guðmundsson tók til máls og sagði að brottfall væri mikið og brýnt að koma í veg fyrir það. Lagði fram eftirfarandi tillögu: Ársþing KSÍ, haldið á Akureyri 15. febrúar 2014, leggur til að stjórn KSÍ skoði þingskjal 9 og 10, meti kosti og galla, og komi með tillögu til ársþings KSÍ árið 2015.

Lúðvík Arnarson tók til máls og sagði að ágætt væri að skoða málið áfram. Benti á að mikið brottfall væri á milli 3. og 2. flokks.

Baldur Már Bragason tók til máls og sagði að á Akureyri væri verið að stofna lið fyrir þær stelpur sem ekki kæmust lengur að hjá sínu uppeldisfélagi. Í litlum hópum munaði meira um brottfallið, en í stórum hópum. Sagði gott að skoða málið áfram.

Geir Þorsteinsson tók til máls og fagnaði fram kominni tillögu til málamiðlunar. Ýmislegt þyrfti að skoða í þessu sambandi, m.a. hvort hvert aldursár væri haft í sérstökum flokki. Þannig yrðu til fleiri flokkar en ekki endilega fleiri lið. Spurning hvort það myndi kalla á fleiri þjálfara? Þessi umræða kæmi upp aftur og aftur og þyrfti að skoða vel.

Eftirfarandi tillaga var borin undir atkvæði: Ársþing KSÍ, haldið á Akureyri 15. febrúar 2014, leggur til að stjórn KSÍ skoði þingskjal 9 og 10, meti kosti og galla, og komi með tillögu til ársþings KSÍ árið 2015.

#### **Tillagan var samþykkt samhljóða**

**Tillaga á þingskjali 9 var ekki borin undir atkvæði, efni hennar vísað til stjórnar.**

**Þingskjal 10**

Ekki var mælt sérstaklega fyrir tillögunni.

**Ályktunartillaga um breytingu  
á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót  
– Aldursflokkaskipting–**

**Lagt er til við stjórn KSÍ að breyting verði gerð á ákvæði 2. greinar í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.**

Lagt er til að breyting verði gerð á grein 2.1.3. í reglugerð um knattspyrnumót:

**Núgildandi ákvæði:**

2.1.3. 3. aldursflokkur: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 15 ára og til og með því almanaksári er hann verður 16 ára.

**Tillaga:**

2.1.3.a. 3. aldursflokkur karla: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 15 ára og til og með því almanaksári er hann verður 16 ára.

2.1.3.b. 3. aldursflokkur kvenna: Nefndur U17. Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 15 ára og til og með því almanaksári er hann verður 17 ára.

**Greinargerð:**

Slík aldurskipting á sér hliðstæðu á Norðurlöndunum en markmiðið með könnun á fýsileika breytingar sem þessarar væri að freista þess að sporna við brottfalli. Leikmenn gætu þannig verið ári lengur í flokknum og færu ekki upp í næsta flokk fyrir ofan fyrr en á öðru ári í framhaldsskóla. Sérstaklega getur það verið brýnt að huga að þessu ef tillaga um breytingu á 2. flokki í U22 nær fram að ganga en sú breyting er ekki forsenda þessarar breytingar.

Reynslan sýnir mikið brottfall við að leikmenn gangi upp úr 3. fl. í „alvöruna“ í 2. flokki. Yfirleitt er líka yfirdrifið nóg að vera að skipta um skóla þó ekki sé umbreyting á öllum vígstöðvum. Með þessu ætti að skapast betra næði til að þroskast í sínu eðlilega umhverfi. Ekki þarf að hafa áhyggjur af því að áskorunin sé ekki nóg því leikmenn sem eru komnir lengra og þurfa meiri áskorun yrðu hér eftir sem hingað til teknir upp í 1.flokk eða mfl.

Tillagan er sett fram miðað við 3. flokk kvenna en verið kann að sömu rök standi til að breyta 2. fl. karla í U18 líka. Því er beint til stjórnar að hlutast til um könnun á því.

Breiðablik  
HK  
Valur  
Víkingur

**Tillaga á þingskjali 10 var ekki borin undir atkvæði, efni hennar vísað til stjórnar. (Samanber afgreiðslu tillögu á þingskjali 9.)**

## Þingskjal 11

Framsögu hafði Borghildur Sigurðardóttir og sagði m.a. að samþykkt tillögunnar fengi mótanefnd rýmri heimild til að færa til leiki í bikarkeppni. Þannig þyrfti ekki að þrengja að félögum sem lengst næðu í Evrópukeppni.

**Ályktunartillaga um breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót**  
– Bikarkeppni karla –

Lagt er til við ársþing KSÍ að viðbótarákvæði verði bætt við ákvæði 23.2 greinar í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

**Greinin hljóðar svo:**

## 23.2. Bikarkeppni KSÍ

23.2.1. Þátttaka í bikarkeppni KSÍ er heimil öllum aðildarfélögum KSÍ.

23.2.2. Hverju félagi er heimilt að senda eitt lið til keppni

23.2.3. Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrikomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.

23.2.4. Draga skal um hvaða lið mætast og skal það lið sem dregið er á undan leika á heimavelli sbr. þó gr.

23.2.6. Keppnin skal vera tvískipt:

- Undankeppni

- Aðalkeppni

23.2.5. Í undankeppni taka þátt öll lið nema þau, sem taka þátt í Pepsi-deild. Svæðakeppni skal viðhöfð í undankeppninni og keppni liðanna hagað svo, að 20 lið komist áfram í aðalkeppnina. Skal undankeppni lokið fyrir miðjan júní.

23.2.6. Aðalkeppnin (32-liða úrslit) skal hefjast eftir miðjan júní og hefja þá liðin sem leika í Pepsi- deild þátttöku. Mótanefnd skal jafnframt heimilt í vissum tilfellum að ákveða að leikur fari fram á hlutlausum velli ef rökstudd ósk þess efnis berst frá báðum aðilum sökum fjarlægðar.

23.2.7. Úrslitaleikur bikarkeppninnar skal fara fram á Laugardalsvelli í ágúst eða september. Mótanefnd annast framkvæmd leiksins í samráði við leikaðila.

**Viðbótarákvæði hljóði svo:**

23.2.8 Mótanefnd er heimilt að gera breytingar á niðurröðun bikarkeppninnar eftir 8 liða úrslit með tilliti til þátttöku liða í Evrópukeppni á eftirfarandi forsendum: Hafi lið spilað 6 leiki á undangengnum þremur vikum eða innan 48 tímar liðið frá lokum ferðalags vegna þátttöku í Evrópukeppni hefur mótanefnd heimild til þess að færa leikdaga, óski félag eftir frestun.

**Greinargerð**

Í ljósi atburða síðasta tímabils og þau áhrif sem þátttaka í Evrópukeppni hafði á leikjaálag þeirra liða sem komust áfram í keppninni, teljum við brýnt að skilgreina betur þær heimildir sem mótanefnd hefur til þess að færa til leiki.

Breiðablik  
Fylkir  
KR  
Stjarnan  
Víkingur Ó.

Þórir Hákonarson tók til máls og sagði að með góðum árangri í Evrópukeppni fækkaði mögulegum leikdögum í Íslandsmóti og bikarkeppni. Breytingar á leikdögum í bikarkeppni gætu haft áhrif á leikdaga í deildarkeppni. Erfitt gæti orðið að breyta leikdegi úrslitaleiks í bikarkeppni.

**Tillaga á þingskjali 11 var samþykkt samhljóða.**

### **Þingskjal 12**

Framsögu hafði Almar Guðmundsson og sagði það vilja flutningsmanna að skerpt yrði á reglum um útgáfu aðgönguskírteina. Ferli útgáfu skírteina verði skýrt og upplýsingar aðgengilegar.

### **Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um aðgönguskírteini – Útgáfa –**

#### **Greinin hljóðar svo:**

##### 4.gr. Útgáfa

Skrifstofa KSÍ annast útgáfu aðgönguskírteina í umboði KSÍ. Skírteini verður aðeins afhent eftir að mynd af viðkomandi hefur borist skrifstofu KSÍ. Félög skulu senda skrifstofu KSÍ nafnalista og myndir fyrir 1. maí ár hvert.

#### **Greinin hljóðar svo:**

##### 4.gr. Útgáfa

- 4.1. Skrifstofa KSÍ annast útgáfu aðgönguskírteina í umboði KSÍ. Öll skírteini sem gefin eru út skulu vera með nafni rétthafa, ásamt mynd og raðnúmeri.
- 4.2. Félög skulu senda skrifstofu KSÍ nafnalista og myndir fyrir 1. maí ár hvert.
- 4.3. Skrifstofa KSÍ sér til þess að félög fái skrá yfir handhafa skírteina áður en mót hefst og að félögum sé send uppfærð skrá ef ný skírteini eru gefin út eftir að keppnistímabil hefst.
- 4.4. Framkvæmdastjórnar ÍTF og KSÍ hafa eftirlit með 4.1-4.3 og leggja fyrir stjórnir beggja félaga greinargerð um útgáfuna að loknu keppnistímabili.

#### **Greinargerð:**

Við teljum nauðsynlegt að sníða reglugerðina á þann hátt að útgáfa aðgönguskírteina sé framkvæmd á sýnilegri máta gagnvart félögunum í efstu deild en verið hefur.

Breiðablik  
Fylkir  
KR  
Stjarnan  
Víkingur Ó.

Þórir Hákonarson tók til máls og sagði að útgáfa aðgönguskírteina ætti að vera sýnileg og opin. Mun beita mér fyrir því að listar um handhafa verði birtir á netinu.

**Tillaga á þingskjali 12 var samþykkt samhljóða.**

### ***Þingskjal 13***

Framsögu hafði Almar Guðmundsson.

#### **Ályktunartillaga um skipun vinnuhóps – Félagaskipti og samningar –**

Lagt er til við ársþing KSÍ að skipaður verði sérstakur vinnuhópur með það að markmiði að endurskoða reglugerð KSÍ um félagsskipti, samninga, stöðu leikmanna og félaga.

Jafnframt er lagt til að í vinnuhópi þessum sitji fjórir fulltrúar: einn fulltrúi úr efstu deild karla (tilnefndur af ÍTF), einn fulltrúi úr efstu deild kvenna, einn fulltrúi úr fyrstu deild karla og einn fulltrúi sem tilheyrir liði sem ekki tilheyrir framangreindum deildum.

### ***Greinargerð***

Nokkur álitamál eru til staðar í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga í núverandi mynd og því telja þau félög sem þetta setja fram að nauðsynlegt sé að opna fyrir umræðu og vinna í umbótum á því regluverki sem gildir um félagaskipti leikmanna.

Sérstök athygli er vakin á ákvæði 20.2 greinar um hlutdeild núverandi og fyrrum félaga í félagaskiptagjaldi vegna félagaskipta til erlendra liða. Færa má rök fyrir því að núverandi kerfi sé bjagað á þann máta að það sé ekki næginlega hliðhollt núverandi félagi og uppeldisfélagi í þeim tilvikum þar sem það félag sem leikmaður spilaði hjá áður en hann var hjá núverandi félagi er ekki uppeldisfélag leikmannsins. Til hliðsjónar bendum við á aðrar útfærslur, eins og t.d. reikniformúluna á bak við uppeldisbæturnar og það kerfi sem írski knattspyrnusambandið hefur komið upp fyrir félagaskipti innanlands.

Breiðablik

Fylkir  
KR  
Stjarnan  
Víkingur Ó.

**Tillaga á þingskjali 13 var samþykkt samhljóða.**

#### ***Þingskjal 14***

Framsögu hafði Jóhannes Ólafsson. Hann hvatti þingfulltrúa til að ræða við stjórnámálamenn að auka fjármagn í ferðasjóð. Rakti mikinn ferðakostnað knattspyrnufélaga í Vestmannaeyjum, sem hann sagði nema 40 milljónum króna. Brýnt að hafa sterk íþróttafélög á landsbyggðinni, en ferðakostnaður væri að sliga þau.

#### **Ályktunartillaga um skipun vinnuhóps – Jöfnun ferðakostnaðar –**

#### **Tillaga**

Ársþing KSÍ, haldið á Akureyri 15. febrúar 2014, samþykkir að stofna 5 manna starfshóp um jöfnun ferðakostnaðar í mótum meistaraflokks og skal stjórn KSÍ skipa í hópinn. Starfshópurinn skal setja fram tillögu um hvernig jafna megi sem mest ferðakostnað liða í mótum og hvernig staðið verði að framkvæmd jöfnunar þannig að ýrústu hagræðingar sé gætt. Niðurstöðu skal skila til stjórnar KSÍ fyrir 1. september 2014 og þær lagðar fram á ársþingi 2015.

#### **Skýring:**

Það er öllum ljóst að mikil munur er á ferðakostnaði liða í meistaraflokki. Árviss umræða um jöfnun ferðakostnaðar er staðreynd en stjórn KSÍ vill með þessari tillögu kanna áhuga aðildarfélaga á að stofna starfshóp til að vinna að tillögu sem lögð yrði fyrir ársþing 2015. Mikilvægt er að slík tillaga feli í sér mögulega framkvæmd jöfnunar sem yrði bæði einföld og skilvirk.

**Stjórn KSÍ**

**Tillaga á þingskjali 14 var samþykkt með öllum atkvæðum gegn tveimur.**

**Þingskjal 15**

Framsögu hafði Þórir Hákonarson.

**Ályktunartillaga um skipun vinnuhóps  
– Uppaldir leikmenn –****Tillaga**

Árþing KSÍ, haldið á Akureyri 15. febrúar 2014, samþykkir að stofna 5 manna starfshóp um uppalda leikmenn og skal stjórn KSÍ skipa í hópinn. Starfshópurinn skal skoða þátttöku leikmanna í meistaraflokki m. t. t. skilgreiningar UEFA um uppalda leikmenn. Starfshópurinn skal einnig skoða reglur knattspyrnusambanda á Norðurlöndum um þátttöku uppalinna leikmanna í mótum á þeirra vegum og meta hvort rétt sé að setja slíkar reglur í mótum meistaraflokks í mótum á vegum KSÍ. Niðurstöðu skal skila til stjórnar KSÍ fyrir 1. september 2014 og þær lagðar fram á ársþingi 2015.

**Skýring:** Íslensk félagslið sem taka þátt í Evrópukeppni félagsliða þurfa að uppfylla reglur UEFA um uppalda leikmenn. Knattspyrnusamböndin á Norðurlöndum hafa flest sett slíkar reglur og mörg knattspyrnusambönd í Evrópu. Stjórn KSÍ telur rétt að fara yfir áhrif þessara reglna og hvort rétt sé eða nauðsynlegt að setja slíkar reglur í mótum á vegum KSÍ.

**Stjórn KSÍ****Til frekari skýringar:**

*Skilgreining UEFA á uppöldum leikmönnum í reglugerðum um Evrópukeppnir félagsliða:*

*18.09 A “locally trained player” is either a “club-trained player” or an “associationtrained player”.*

*18.10 A “club-trained player” is a player who, between the age of 15 (or the start of the season during which he turns 15) and 21 (or the end of the season during which he turns 21), and irrespective of his nationality and age, has been registered with his current club for a period, continuous or not, of three entire seasons (i.e. a period starting with the first official match of the relevant national championship and ending with the last official match of that relevant national championship) or of 36 months.*

*18.11 An “association-trained player” is a player who, between the age of 15 (or the start of the season during which the player turns 15) and 21 (or the end of the season during which the player turns 21), and irrespective of his nationality and age, has been registered with a club or with other clubs affiliated to the same association as that of his current club for a period, continuous or not, of three entire seasons or of 36 months.*



**Tillaga á þingskjali 15 var samþykkt samhljóða.**

### **Þingskjal 16**

Framsögu hafði Viggó Magnússon.

#### **Ályktunartillaga til stjórnar KSÍ** – Ákvæði um leikjaálag –

Árþing KSÍ leggur til við stjórn KSÍ að settar verði reglur um að yngri leikmaður sem tekinn er upp í meistaraflokk megi aldrei spila meira en sem svarar einum og hálfum leik í viku með meistaraflokki og þá þeim flokki sem leikmaðurinn tilheyrir.

#### **Greinargerð:**

Leikjaálag yngri leikmanna er stundum óhóflega mikið og virðist sem að það hafi verið trú manna að það sé jafngilt að spila fótboltaleik og að æfa. Rannsóknir sýna að það er ekki svo, yngri leikmaður sem spilar of marga leiki á kostnað æfinga á frekar á hættu að staðna í þroska sínum og hættan á meiðslum eykst til muna.

Víkingur  
HK  
Valur

Þórir Hákonarson tók til máls og sagði að samþykkt tillögunnar yrði erfið í framkvæmd og kallaði á að eitthvert yfirvald hefði eftirlit með leikmönnum. Ábyrgðin í þessu sambandi væri hjá þjálfurum og fræða þyrfti um afleiðingar mikils álags.

Lúðvík Arnarson tók til máls og og sagði erfitt að framfylgja og spurði hvort refsing yrði fólgin í sektum.

Halldór Halldórsson tók til máls og sagði umræðuna nauðsynlega og félögin þyrftu að setja sér reglur. Sumir leikmenn væru í 2-3 flokkum og jafnvel landsliði að auki. Þjálfarar yrðu að hafa ákveðin viðmið sem þeir fylgdu.

**Tillaga á þingskjali 16 felld með þorra greiddra atkvæða.**

#### **Önnur mál:**

Þórir Hákonarson flutti yfirlit um breytingar á reglugerðum KSÍ á liðnu starfsári og jafnframt var breytingunum dreift til allra þingfulltrúa.

Þórir Hákonarson vakti athygli á og kynnti lauslega afreksstefnu sem unnið er að.

Stefán Már Guðmundsson beindi nokkrum atriðum til væntanlegs starfshóps um jöfnun ferðakostnaðar nefndi m.a. að barnafargjöld yrðu greidd hjá Flugfélagi Íslands fram að 18 ára aldri.

---

## Kosningar

Álit kjörnefndar flutti Steinn Halldórsson formaður.

### Kosning til aðalstjórnar til tveggja ára:

Efirtaldir sex aðilar gáfu kost á sér í aðalstjórn:

Elísabet Lovísa Björnsdóttir	Reykjanesbæ
Gísli Gíslason	Akranesi
Jóhannes Ólafsson	Vestmannaeyjum
Ragnildur Skúladóttir	Reykjavík
Rúnar Arnarson	Reykjanesbæ
Unnsteinn Jónsson	Akureyri

Frambjóðendur gerðu stuttlega grein fyrir sér að Elísabetu undanskilinni, en hún var fjarstödd.

Var því gengið til kosninga.

Atkvæði féllu þannig að:

Elísabet Lovísa Björnsdóttir hlaut 23 atkvæði
Gísli Gíslason hlaut 106 atkvæði
Jóhannes Ólafsson hlaut 90 atkvæði
Ragnildur Skúladóttir hlaut 107 atkvæði
Rúnar Arnarson hlaut 84 atkvæði
Unnsteinn Jónsson hlaut 50 atkvæði

Ragnildur Skúladóttir, Gísli Gíslason, Jóhannes Ólafsson og Rúnar Arnarson voru því réttkjörin í stjórn KSÍ til tveggja ára.

### Kosning aðalfulltrúa landshluta til eins árs:

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörinir:

Vesturland	Jakob Skúlason, UMSB
Norðurland	Björn Friðþjófsson, UMSE
Austurland	Valdemar Einarsson, UÍA
Suðurland	Tómas Þóroddsson, HSK

### Kosning til varastjórnar til eins árs

Eftirfarandi gáfu kost á sér í varastjórn KSÍ og voru þeir sjálfkjörni:

Ingvar Guðjónsson, ÍS
Jóhann Króknes Torfason, HSV
Þórarinn Gunnarsson, ÍBR

**Kosning varafulltrúa landshluta til eins árs**

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörnir:

Vesturland	Vigfús Örn Gíslason (ath hvaða héraðssamband)
Norðurland	Ómar Bragi Stefánsson, UMSS
Austurland	Magnús Ásgrímsson, UÍA
Suðurland	Trausti Hjaltason, ÍBV

**Kosning fulltrúa á íþróttapeing ÍSÍ**

Tillaga kjörnefndar um að vísa skipun fulltrúa á íþróttapeing til stjórnar KSÍ var samþykkt.

**Kosning skoðunarmanna reikninga KSÍ**

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda sem skoðunarmenn KSÍ til eins árs var samþykkt:

Aðalmenn:	Dýri Guðmundsson Haukur Gunnarsson
Varamenn:	Elías Hergeirsson Þór Símon Ragnarsson

**Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ**

Aðalmenn:	Sigurður G Guðjónsson Guðmundur Pétursson Lúðvík Örn Steinarsson
Varamenn:	Brynjar Níelsson Guðmundur Þórðarson Hörður Felix Harðarson Jóhannes Albert Sævarsson Kolbeinn Árnason

**Kjörnefnd**

Gerð var tillaga um eftirtalda í kjörnefnd og voru þeir sjálfkjörnir:

Steinn Halldórsson, formaður  
Borghildur Sigurðardóttir  
Jónas Gestur Jónasson

**Endurskoðandi**

Gerð var tillaga um Björn Inga Victorsson sem endurskoðanda KSÍ og var hann sjálfkjörinn.

**Kosning í siðanefnd KSÍ**

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda í siðanefnd KSÍ til eins árs var samþykkt:

Aðalmenn	Albert Eymundsson, formaður Eiríkur Björgvinsson Kristrún Heimisdóttir
Varamenn	Hanna Sigríður Sigurðardóttir Helgi Þorvaldsson Rósa Júlía Steinþórsdóttir

**Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.**

**Þingslit**

Steinn Halldórsson, 1. þingforseti, þakkaði þingheimi góða fundarsetu og góða starfshætti og starfsmönnum fyrir þeirra störf. Hann fól að því loknu Geir Þorsteinssyni formanni KSÍ að slíta 68. ársþingi Knattspyrnusambands Íslands.

Geir Þorsteinsson þakkaði þingfulltrúum gott og málefnalegt þing og sagði að ákveðin tímamót hefðu orðið í stjórn KSÍ er Lúðvík Geirsson hefði ákveðið að láta af störfum. Skrifna mætti heila bók um ómetanleg störf Lúðvíks að framgangi íslenskrar knattspyrnu. Í stjórn KSÍ hefði hann leyst mörg erfið mál af stakri þrýði og þau hefðu staðist tímans tönn eins og dæmin úr leyfiskerfinu sýndu. Fyrst og síðast hefði hann unnið þrekvirki í mannvirkjamálum. Geir þakkaði honum einstök störf fyrir knattspyrnuhreyfinguna og þakkaði þingheimur Lúðvíki með langvinnu lófataki. Sleit formaður síðan 68. ársþingi Knattspyrnusambands Íslands.

Steinn Halldórsson  
1. þingforseti  
(sign.)

Ágúst Ingi Jónsson  
1. þingritari  
(sign.)

Bragi Bergmann  
2. þingforseti  
(sign.)

Klara Bjartmarz  
2. þingritari  
(sign.)